



Lyfjastofnun  
Rannveig Gunnarsdóttir  
Eiðistorgi 13-15  
170 Seltjarnarnesi

Seltjarnarnesi, 12. mars 2009  
2009010281/71/MH/kg

Þann 21.01.2009 sendi Steindór J. Erlingsson, líf- og vísindasagnfræðingur Landlæknisembættinu bréf, þar sem hann telur að fullyrðingar í bæklingi GlaxoSmithKline lyfjafyrirtækisins, séu rangar, en bæklingnum hefur verið dreift á heilsugæslustöðvar og víðar. En Steindór styður mál sitt góðum vísindalegum rökum, en með greininni fylgir einnig grein svipaðs eðlis, sem Steindór ritaði nýlega í Morgunblaðið.

Umræddur bæklingur fylgir hér með, en þar eru staðhæfingar, sem fram koma á bls. 6-7 í bæklingnum, sem átaldir eru, eins og nánar er tilgreint í bréfi Steindórs.

Óskað var eftir álit Engilberts Sigurðssonar, geðlæknis og fylgir afrit af tölvupósti hans hér með. Eins og fram kemur telur hann að fyrri hluti umræddrar málsgreinar í bæklingnum sé röng, en hin síðari þyrfti að orða betur, þótt hún teljist ekki beinlínis röng á sama hátt og fyrri hlutinn. Einnig fylgir umsögn lyfjafyrirtækisins, sem undirrituð er af Hjörleifi Þórarinssyni, framkvæmdastjóra GlaxoSmithKline.

Undirritaður tekur undir álit Engilberts Sigurðssonar, sem að nokkru er stutt álit Brynjólfs Ingvarssonar geðlæknis, sem á sínum tíma þýddi bæklinginn og staðfærði. Bæklingurinn er nokkuð kominn til ára sinna og er að sumu leyti úreltur, einkum sú fullyrðing að sálfræðileg samtalsmeðferð hafi lítil áhrif. Hugræn atferlismeðferð er nú sú meðferð sem helst er mælt með við vægu eða í meðallagi erfiðu þunglyndi og er eitt afbrigði hennar er meginstoðin í þeirri meðferð á ágætri geðdeild á Akureyri, sem einmitt hefur verið undir stjórn Brynjólfs Ingvarssonar. Einnig má benda á ítarlegar nýjar klínískar leiðbeiningar um meðferð þunglyndis og kvíðaraskana frá Svíþjóð, en þar segir m a:

#### **Tillgang till psykologisk behandling med KBT**

Psykologisk behandling med framför allt kognitiva och beteendeoriktade terapier/kognitiv beteendeterapi (KBT) i olika format prioriteras mycket högt vid i princip alla tillstånd. Huvudskälet till detta är att KBT har god effekt på symtom och funktionsnivå hos individen både på kort och på lång sikt. Dessutom finns inga biverkningar rapporterade.

Socialstyrelsen är medveten om att det råder stor brist på personal med adekvat kompetens inom dessa områden. Även denna rekommendation kommer därför att kräva att varje landsting och region gör en analys av nuläget när det gäller tillgång till personal och kompetens för att sedan ta ställning till i vilken takt det är möjligt att genomföra rekommendationerna kring KBT-behandling.

Þessar leiðbeiningar eru mjög ítarlegar og með mörgum tilvitnunum og má finna á vefnum undir:

<http://www.socialstyrelsen.se/NR/rdonlyres/15BAB4CD-3170-4786-AFCB-BDE1CC6C733F/13392/200912685.pdf>

Gagnsemi meðferðar með hugrænni atferismeðferð er slíkt grundvallaratriði að undirritaður telur að taka þurfi bæklinginn úr umferð. Þar sem málið varðar lyfjafyrirtæki er erindinu hér með beint til Lyfjastofnunar til þóknarlegrar meðferðar í ljósi þess sem að ofan segir.

Virðingarfyllst,

  
Matthias Halldórsson  
landlæknir

*Afrit:*

*Hjörleifur Þórarinsson, framkvæmdastjóri, GlaxoSmithKline, Þverholti 14, 105 Reykjavík.  
Steindór J. Erlingsson, Svarthömrum 9, 112 Reykjavík.  
Brynjólfur Ingvarsson, geðlæknir, Akureyri*